

Eystrahorn

8. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 25. febrúar 2021

www.eystrahorn.is

Upplestrarkvöld á Hafinu / Prose and Fiction Reading in Hafid

Pann 4. mars, fimmtudagskvöld, verður boðið upp á fjölþjóðlegan upplestur á Hafinu. Um er að ræða samstarfsverkefni Menningarmiðstöðvarinnar og Verkefnisstjóra fjölmenningar. Líkt og þegar landið byggðist í öndverðu eru Höfn og Hornafjörður heimili og starfsvettvangur fólks af ýmsum uppruna og ekki seinna vænna að mæta nýjum þörfum og efla samtal milli hópa. Höfundarnir þrír sem munu lesa tilheyra fjölbýgdum félagskap og bókaútgáfu sem heitir Óspressan, og gefur út bókmenntatímaríð Ós.

Um höfundana

Elena Ilkova er Makedóni og býr á Íslandi. Hún lagði stund á Fjölþjóðbókmenntir í Meistaránámi sínu í Bókmenntum, menningu og miðlun í Háskóla Íslands. Auk ritstarfa og leikskólakennslu heldur hún fyrirlestra um tvítýngi í kennslu á íslensku sem annað mál á grunn- og framhaldsskólastigi. Hún yrkir á ensku, íslensku og hebresku.

Ewa Marcinek er pólsk og hefur búið á Íslandi í fjögur ár. Úrval úr smásagna- og vinjettusafni hennar birtist í Tímariti Máls og menningar og var til sýnis á Bókmenntahátíðinni í Reykjavík. Um þessar mundir sýnir Tjarnarbíó leikrit hennar, Polishing Iceland.

Ewa vinnur með tungumál og spennu milli félagslegrar og persónulegrar sjálfsvitundar, einkasögur og minningar. Hún er með meistaragráðu í Menningarfræðum, BA í Skapandi skrifum og myndlist.

Helen Cova skrifar bækur fyrir börn og fullorðna, kennir í Fristund, hannar borðsspil, málur og ferðast um á hjólinu sínu. Hún er fædd og uppalin í Venezúela en hefur búið útum allan heim og litur á sem svo að ríkisfang hennar sé heimsins alls. Fyrsta bók hennar, Snúlla finnst gott að vera einn kom út á íslensku, ensku og spönsku árið 2019. Árið 2020 kom út bókin Sjálfsát: að éta sjálfan sig.

Ewa Marcinek skrifar svo um Elenu í pistli í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar (árg 82,1. Hefti):

„Ég held ekki að hún skrifi mikið á makedónsku. Móðurmál hennar er ekki opinber makedónska heldur ein af mörgum mállýskum. Vissir þú að það eru fleiri en tuttugu mállýskur í Makedóníu? Madurinn hennar er frá sama bæ, Strumitsa, svo þau tala Strumitsamállýskuna heima, þó að þau búi á Íslandi, og hún talar íslensku í vinnunni, þó að hún sé rithöfundur sem skrifar aðallega á ensku...“

Vinnufélaga mínum, Búlgaranum, var nú öllum lokið. Með sársaukafullri grettu greip hann fram í fyrir mér í miðri setningu.

„Makedónska er ekki til,“ sagði hann.

Ég steinþagnaði.

„Trúðu með. Slíkt tungumál fyrirfinnst ekki.“

Petta er útskýrt betur síðar. Tvö lönd hafa staðið í vegi fyrir inngöngu Makedóníu í Evrópusambandið, sem er viðlíka og að hafna tilveru eða tilverurétti þjóðar – Grikkir vildu að landið skipti um nafn (í dag heitir það Norður Makedónía), og Búlgarar að þjóðin viðurkenni formlega að tungumál hennar sé ekki til.

„Makedónska er búlgarska skrifuð á serbneska ritvél....“

Tungumál er mállýska með her.

„Heyrir þú rödd í höfðinu,“ spurði Elena mig einu sinni, „rödd sögumannsins, þegar þú skrifar?“ Það geri ég ekki. Ég heyrir ekkert. Enginn segir mér sögu. Innri rödd mín er mjög hljóðlát, næstum þögl. Hefur ímyndunaraflíð tungumál? Ekki mitt. Það er



Elena, Ewa and Helen munu lesa upp á upplestrarkvöldi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

engin pólska, enska eða íslenska. Ég skrifa af því að ég sé fyrir mér.

Samkvæmt Elenu er meginreglan að skilja að tungumálið er aðeins hugmynd. Það hefur markmið. Það skiptir ekki máli hvort þú notar það til að skrifa ljóð eða kaupa kartöflur – því það er aðeins verkfæri. Hvaða tungumál sem er getur tilheyrt þér ef þú vilt, ef þú reynir að tengjast því. En það felur alltaf í sér skuldbindingu.

Eftir Elenu:

“Ég hata að læra tungumál.”

What is the plural for tungumál she wondered as well and went on the internet to explore.

“Oh shit, eða SJITT.” Aha, there was a word she knew how to write correctly. Sjitt.

She wrote it several times and then erased it: What an uncertain day this is, she taught and sat to write the last sentence for today, to get rid of this homework. She replaced Sjitt with HA Frábært: orðið tungumál líka hefur ekki fleirtala. Hef bara í þágufall og eignarfall.

Úr Autosarcophagy: To Eat Oneself eftir Helenu Covu:

“When I cut off my hand with a machete, my mom made a soup for the poor with the hand.”

“This morning I woke up as an astronaut. I suspected it due to the heaviness I felt in my limbs when getting out of bed, but I confirmed it in front of the mirror: I woke up being an astronaut, full suit and all.”

“After waiting a long time for destiny’s call, I shut the door of the temple. An inexplicable force drew me to join a small group of troubadours who followed a young pilgrim.”

Autosarcophagy er til á íslensku og heitir Sjálfsát: að éta sjálfan sig.

Úr Polishing Iceland eftir Ewu Marcinek

“They say that we, the Polishing people, we are running away from small salaries and social problems in our countries. But if we are running away, it would be rather from broken hearts, broken dreams, broken brides. It’s better to be a monster than a broken human, I think.”

“I have copyrights to the “Lost in Iceland” brand.”

“Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Tilboð. Bónus. Tilboð. Pylsa. Tilboð. Tilboð. Tilboð. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi. Frá Póllandi.”

“But still, there are more bees in Iceland than Poles.”

“Kona. Icelandic ‘woman’ is ‘dying’ in Polish.”

About the writers

Elena Ilkova is a Macedonian living in Iceland. She discovered translanguaging literature during her Master’s studies in Literature, Culture and Media at the University of Iceland and has adopted its poetics in her writing in English, Icelandic and Hebrew. She is a mother and a wife studying Icelandic and psychology at the moment.

Ewa Marcinek is Polish and has been living in Iceland for 4 years. Excerpts from her collection of short stories and vignettes, Polishing Iceland, were published by Tímarit Máls og menningar and were exhibited during the literary festival in Reykjavik and as a part of the We are Ós / Petta er Us publication. In her writing, Ewa plays with various languages, tensions between social and personal identity, private stories and memories.

Helen Cova works as a caretaker while writing tales and children’s books, creating board games, painting and travelling on her bike. Born and raised in Venezuela, she has lived in several countries and likes to think of herself as a citizen of the world and semi-nomad. Her first book Snúlla finnst gott að vera einn was published in Icelandic, English and Spanish in Reykjavik, in 2019. IN 2020 she published her second novel: Autosarcophagy: to eat oneself.

Upplesturinn fer fram á Hafinu, 4. mars, og hefst klukkan 19:30. Enginn aðgangseyrir. Dagskránni verður einnig streymt, fylgist með á Facebooksíðu Menningarmiðstöðvarinnar.

The Reading is in Hafid, 4. March, and starts at 19:30. No admittance fee.

There will also be a stream, follow the Event on Menningarmiðstöðvar’s Facebook page to get the live stream link.



HAFNARKIRKJA
Sunnudaginn 28. febrúar
Sunnudagaskóli kl. 11:00
 Við munum syngja, hlusta
 á sögu, lita og hafa gaman
 Djús og kex eftir
 stundina.
 Virðum sóttvarnareglur
 Allir velkomnir.

Prestarnir

Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Andlát

Kjartan Jónsson fæddist á Fossi á Síðu 18. desember 1940 og lést á heimili sínu að Hjarðarnesi, í faðmi fjölskyldunnar, miðvikudaginn 17. febrúar sl.



Foreldrar Kjartans voru Jón Eiríksson frá Fossi á Síðu og Fjóla Aradóttir frá Borg á Mýrum. Kjartan var elstur fimm bræðra en þeir eru Sigurður f. 3. desember 1943 d. 9. júlí 2003, Eiríkur f. 12. ágúst 1946, Ari f. 3. janúar 1948 og Ómar f. 19. ágúst 1953.

Eiginkona Kjartans er Lovísa Sigurbjörg Eymundsdóttir f. 15. desember 1944 og giftu þau sig 26. nóvember 1966. Börn þeirra eru Eymundur f. 21. ágúst 1966, Fjóla Ingveldur f. 7. október 1967 eiginmaður hennar er Sigurður Ágústsson, Jón f. 12. maí 1969 eiginkona hans er Lovísa Rósa Bjarnadóttir og Helgi Grétar f. 24. júní 1970. Barnabörnin eru 7 og barnabarnabörnin 7 talsins.

Kjartan ólst upp á Fossi á Síðu og fór snemma að taka þátt í bústörfum með foreldrum sínum. Ungur fór hann svo að sækja vinnu annað og vann hin ýmsu störf. Þau Lovísa fluttust að Hjarðarnesi í Nesjum 1970. Kjartan sá lengi um Ræktunarsambandið BNHMB og var ýtustjóri. Hann var svo ráðinn bæjarverkstjóri á Höfn 1980 og starfaði við það til starfsloka.

Útförin fer fram í kyrkþey að ósk hins látna.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Spilliefni og lítil raftæki

Spilliefni og lítil raftæki verða sótt í dreifbýli sveitarfélagsins dagana 8.-10. mars

Íbúar eru eindregið hvattir til þess að nýta sér þessa þjónustu með því að hafa samband við **Einar verkstjóra Íslenska Gámafélagsins á Höfn í síma 840-5710 eða tölvupóst ainarj@igf.is** í seinasta lagi 4. mars sé óskað eftir þjónustunni.

Þjónustan er gjaldfrjál.

Spilliefni eru t.d. rafgeymar, málning, gashylki, slökkvitæki, koppafeiti og spartsli.

Lítil raftæki eru t.d. símar, jólaseriur, tölvur, framlengingarsnúgur og lykaborð.

Umhverfisfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlarent

ISSN 1670-4126

Styrktaraskrift


Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/

Eystrahorn

Ráðgjöf í tengslum við Uppbyggingarsjóð Suðurlands



Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) hefur á síðustu árum gert samstarfssamninga við þekkingarstofnanir víða um Suðurland og búa því yfir öflugum teymi ráðgjafa og verkefnastjóra vítt og breitt um landshlutann. Eru ráðgjafar m.a. með aðsetur á Selfossi, Hvolsvelli, Vík, Eyjum, Kirkjubæjarklaustri og Höfn. Hluti af þjónustu SASS er að veita ráðgjafarþjónustu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála og veitir m.a. ráðgjöf við mótun verkefna og eftirfylgni með Uppbyggingarsjóði Suðurlands og er þjónustan endurgjaldslaus.

Nýlega hefur ráðgjafavefur SASS, www.sass.is/radgjof, verið endurnýjaður að miklu leyti og þá sérstaklega hvað varðar stoðefni og leiðbeiningar við gerð styrkumsókna í Uppbyggingarsjóð. Þar má einnig finna upplýsingar og leiðbeiningar í tengslum við aðra fjármögnun, menningarmál og markaðsmál.

Þjónusta SASS felur einnig í sér handleiðslu og leiðbeiningar um annað stoðkerfi atvinnulífs og menningar. Því hvetjum við alla þá sem búa yfir verkefnahugmyndum á þessum sviðum að eiga samtal við ráðgjafa á vegum SASS og leita í sameiningu að þeim leiðum sem skila verkefnum sem bestum árangri.

Á heimasíðu SASS má finna allar upplýsingar um ráðgjafarþjónustuna og ráðgjafa sem starfa á vegum SASS. Þar er einnig hægt að panta tíma í ráðgjöf, hvort sem er á stað, fjárfundi eða í gegnum síma.

Einnig má hafa beint samband við Guðrúnu Ásdísi Sturlaugsdóttur sem starfar sem ráðgjafi og verkefnisstjóri á vegum SASS í Nýheimum þekkingarsetri.

Að lokum viljum við vekja athygli á að umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Suðurlands rennur út þriðjudaginn 2. mars klukkan 16:00, sjá nánar: www.sass.is/uppbyggingarsjodur.

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum



Ertu með frábæra **HUGMYND?**

...að nýsköpunar- eða menningarverkefni?

**UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00**

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins



WWW.SASS.IS



STYRKIR@SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af

SÓKNARÁÆTLUN
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Lokaverkefni í sjónlist

Þann 17. febrúar síðastliðinn var sett upp sýning tveggja nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu í sjónlist en verkin voru unnin á síðastliðinni haustönn. Ekki hefur verið stund eða staður til að sýna þessi verk fyrr en núna og verða verkin til sýnis í anddyri bókasafnsins í Menningarmiðstöð Hornafjarðar í Nýheimum

Daniel Snær Garðarsson sýnir ljósmyndir af teikniæfingum en hann vann að mestu út frá þrívíðum formum líkamans og voru honum grísk goð einkar hugleikin.

Karen Ása Benediktsdóttir sýnir stillistaverkefni þar sem hún endurhannaði fatnað og skapaði um leið heildstætt útlit þar sem m.a. var hugað að förðun og hárgreiðslu. Sjö einstaklingar tóku að sér að sitja fyrir. Dagmar Lilja Óskarsdóttir farðaði í þessu verkefni og Karen Ása tók sjálf myndirnar.

Við hvetjum alla til að líta við í Menningarmiðstöðunni og skoða skemmtileg verkefni.



Karen Ása og Daniel Snær við verkin sín

Sveitarfélagið auglýsir eftir flokksstjórum í Vinnuskólann fyrir sumarið 2021.

Auglýst er eftir bæði körlum og konum, 20 ára eða eldri.

Leitað er eftir einstaklingum sem eiga gott með að vinna með öðrum, hafa frumkvæði, eru góðar fyrirmyndir, stundvísir, metnaðarfullir og samviskusamir.

Starfið felst í að vinna með unglingum, aðallega í umhirðu grænna svæða sveitarfélagsins og ýmsu öðru skemmtilegu.

Ráðnir verða fjórir einstaklingar, launakjör samkv. kjarasamningum AFL stéttarfélags og launaneftndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 31. mars n.k.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berast til Herdisar I. Waage tómsundafulltrúa á netfangið: herdisiw@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar eða til Skúla Ingólfssonar bæjarverkstjóra á netfangið skuli@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Förðunarnámskeið í FAS

Leikhúsförðun & Drag

Kennari á námskeiðinu er
Sigga Rósa leikgervahönnuður

Dagana 13.-14. mars
frá klukkan 10-17 báða dagana

Námskeiðið verður kennt í Vöruhúsinu

Námskeiðið er opið öllum.
Skráningargjald er 6000 kr

Skráning fer fram á skrifstofa@fas.is



Styrkir

Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem eru fjarri innanlandsmarkað eða útflutningahöfn og:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálk ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Um styrkina gilda lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011.

Nánari upplýsingar um styrkina má finna á www.byggdastofnun.is



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Hvatning í Hornafirði – opið fyrir umsóknir

„Hvatning í Hornafirði“ er samkeppnissjóður og hluti af átaksverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna efnahagsáhrifa Covid faraldursins á fólk og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að hvetja fyrirtæki og frumkvöðla í Sveitarfélaginu Hornafirði til að hrinda nýjum atvinnuskapandi aðgerðum í framkvæmd. Umsjón og ábyrgð sjóðsins er hjá atvinnu- og menningarmálanefnd Hornafjarðar. Um einskiptis aðgerð er að ræða, og eru alls 5 milljónir króna til úthlutunar.

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér reglur sjóðsins á heimasíðu Sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is. Þar er einnig að finna tengil inn á umsóknarform sjóðsins.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 8. mars kl. 16:00

Nánari upplýsingar veitir Árdís Erna Halldórsdóttir atvinnu- og ferðamálafultrúi í netfanginu ardis@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is